

**Fjármála- og efnahagsráðuneyti, aðalskrifstofa**  
09 101

**Ársreikningur 2022**

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

**Fjármála- og efnahagsráðuneyti, aðalskrifstofa**

**kt. 550169-2829**

**Arnarhvoli við Lindagötu, 101 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Fjármála- og efnahagsráðuneyti er ríkisaðili í A-hluta. Helstu verkefni ráðuneytisins snúa að því að tryggja stöðugleika og hagvöxt í íslensku samfélagi. Ráðuneytið fer með yfirstjórn ríkisfjármála og efnahagsmála.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 5 og málaflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 1.582,0 milljónir og afkoma kr. -6,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 138,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 373,0 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráskilum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu fjármála- og efnahagsráðuneyti, aðalskrifstofu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning fjármála- og efnahagsráðuneyti, aðalskrifstofu fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Guðmundur Árnason  
Ráðuneytisstjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	1.497.100.000	1.443.500.000
Vörusala .....		0	174.200
Framlög og ýmsar tekjur .....	3	72.849.365	46.945.684
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	12.043.243	11.750.264
<b>Tekjur samtals</b>		<b>1.581.992.608</b>	<b>1.502.370.148</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	4	1.186.254.257	1.177.745.846
Framlög og tilfærslur .....		0	300.000
Annar rekstrarkostnaður .....	5	390.161.954	309.237.931
Afskriftir .....	6	12.043.243	11.750.264
<b>Gjöld samtals</b>		<b>1.588.459.454</b>	<b>1.499.034.041</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(6.466.846)</b>	<b>3.336.107</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(135.748)	(61.026)
		(135.748)	(61.026)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(6.602.594)</b>	<b>3.275.081</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	(6.602.594)	3.575.081
Rekstrartilfærslur .....		0	(300.000)
		(6.602.594)	3.275.081

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður .....		46.504.465	54.667.457
Aðrar eignir .....		162.887	194.006
Verk í vinnslu, fasteignir .....		0	1.648.589
		<u>46.667.352</u>	<u>56.510.052</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>46.667.352</u>	<u>56.510.052</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	326.093.008	321.185.346
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		222.258	4.639.563
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>326.315.266</u>	<u>325.824.909</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>372.982.618</u>	<u>382.334.961</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	9		
Hrein eign .....		138.121.860	144.724.454
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>138.121.860</u>	<u>144.724.454</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	2.657.798	308.361
Viðskiptaskuldir .....		23.272.599	13.367.726
Ýmsar skammtímaskuldir .....	10	142.167.237	156.428.053
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	11	66.763.124	67.506.367
		<u>234.860.758</u>	<u>237.610.507</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>234.860.758</u>	<u>237.610.507</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>372.982.618</u>	<u>382.334.961</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	12		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(6.602.594)	3.275.081
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	6	12.043.243	11.750.264
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(12.043.243)	(11.750.264)
		<u>(6.602.594)</u>	<u>3.275.081</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		4.417.305	(3.793.351)
Tengdir aðilar .....		6.541.232	(4.673.704)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(4.355.943)	5.191.974
		<u>6.602.594</u>	<u>(3.275.081)</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	7	(3.849.132)	(2.419.150)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu .....		1.648.589	0
		<u>(2.200.543)</u>	<u>(2.419.150)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		0	0
Ný langtímalán .....		0	0
Fjárfestingarframlag .....		2.200.543	2.419.150
		<u>2.200.543</u>	<u>2.419.150</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			
		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2022	2021
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	1.497.100.000	1.443.500.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	12.043.243	11.750.264
	<u>1.509.143.243</u>	<u>1.455.250.264</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	1.499.300.000	0	0	1.499.300.000
Fjáraukalög .....	(11.700.000)	0	0	(11.700.000)
Launabætur .....	9.500.000	0	0	9.500.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>1.497.100.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1.497.100.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .....	(1.503.702.594)	0	0	(1.503.702.594)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(6.602.594)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(6.602.594)</b>

	2022	2021
<b>3 Framlög og ýmsar tekjur</b>		
Kostnaðarhlutdeild .....	69.312.214	33.696.610
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	2.647.015	12.748.574
Ýmsar tekjur .....	890.136	500
	<u>72.849.365</u>	<u>46.945.684</u>

### 4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	960.238.701	933.556.033
Orlof, breyting .....	(14.238.416)	17.939.918
Launatengd gjöld .....	218.632.005	208.416.297
Starfsmannakostnaður .....	21.621.967	17.833.598
	<u>1.186.254.257</u>	<u>1.177.745.846</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	73,3	80,4

	2022	2021
<b>5 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	3.269.172	2.297.891
Ýmis tæki og áhöld .....	1.709.051	3.924.419
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	3.876	0
Orkugjafir .....	16.980	30.565
Matvæli .....	15.184.347	12.434.300
Almennar rekstrarvörur .....	164.073	261.481
Vörukaup, almenn	20.347.499	19.012.617
Ýmsar sérgreindar vörur .....	0	424.465
Vörukaup, sérgreind	0	424.465

## Skýringar

	2022	2021
<b>5 Annar rekstrarkostnaður, (frh.)</b>		
Fundir, námskeið, risna .....	6.173.502	3.680.454
Ferðir, upphald .....	19.626.785	2.511.235
Akstur .....	1.019.738	925.031
Sérfræðiþjónusta .....	123.926.528	70.769.416
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	117.187	113.409
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	5.916.772	5.060.383
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	4.102.354	2.168.130
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	160.882.866	85.228.058
Samningsbundin kaup og leiga .....	8.516.813	8.597.378
Afnotagjöld .....	13.057.079	21.480.160
Leigugjöld .....	104.262.277	85.955.808
Notkun véla og flutningatækja .....	862.947	1.713.150
Verkkaup .....	5.959.874	3.942.728
Kostnaðarhlutdeild .....	76.176.991	82.841.767
Tilfærslur .....	95.608	41.800
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	208.931.589	204.572.791
Annar rekstrarkostnaður samtals	390.161.954	309.237.931
<b>6 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	11.295.081	11.352.464
Aðrar eignir .....	31.119	(59.640)
Sölutap og úreltar eignir .....	717.043	389.283
Niðurfærsla óefnislegra eigna .....	0	68.157
	12.043.243	11.750.264
	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
<b>7 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	46.504.465	54.667.457
Aðrar eignir .....	162.887	194.006
	46.667.352	54.861.463
Verk í vinnslu, fasteignir.....	0	1.648.589
	46.667.352	56.510.052

## Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022 .....	113.365.523	0	0	273.226	113.638.749
Viðbætur á árinu .....	3.849.132	0	0	0	3.849.132
Selt/úrelt á árinu .....	(6.738.393)	0	0	0	(6.738.393)
	110.476.262	0	0	273.226	110.749.488
Afskriftir 01.01.2022 .....	58.698.066	0	0	79.220	58.777.286
Afskrift ársins .....	11.295.081	0	0	31.119	11.326.200
Selt/úrelt á árinu .....	(6.021.350)				(6.021.350)
	63.971.797	0	0	110.339	64.082.136
Staða 31.12.2022 .....	46.504.465	0	0	162.887	46.667.352
				<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>

### 8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	288.310.568	321.032.055
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	37.782.440	153.291
	326.093.008	321.185.346

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	0	0
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	2.657.798	308.361
	2.657.798	308.361

### 9 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	144.724.454	141.449.373
Afkoma ársins .....	(6.602.594)	3.275.081
Jöfnuður 31.12. ....	138.121.860	144.724.454

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
<b>10 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	142.167.237	156.405.653
Önnur ógreidd gjöld .....	0	22.400
	142.167.237	156.428.053

## Skýringar

### 11 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	46.667.352	56.510.052
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	20.095.772	10.996.315
	<u>66.763.124</u>	<u>67.506.367</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022 .....	56.510.052	10.996.315	67.506.367
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	11.300.000	11.300.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum, verk í vinnslu .....	(1.648.589)	1.648.589	0
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	3.849.132	(3.849.132)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(12.043.243)	0	(12.043.243)
	<u>46.667.352</u>	<u>20.095.772</u>	<u>66.763.124</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 8,1 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

### 12 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 154,8 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 58,9 milljónum.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.